

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- |                          |                |
|--------------------------|----------------|
| 1. Skreið . . . . .      | Útborgun 4,6%  |
| 2. Hörpudiskur . . . . . | Útborgun 11,0% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í maímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. apríl 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

## REGLUGERÐ

### um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga.

#### 1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni hefur með höndum fólksflutninga getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til þeirra sem hafa með höndum fólksflutninga innanlands og flugfélaga og skipafélaga sem eru í reglulegum ferðum á milli landa. Heimildin nær ekki til þeirra sem hafa með höndum leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

#### 2. gr.

Aðili sem fengið hefur heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta útskatt af fargjöldum vegna fólksflutninga innanlands, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Sala á farseðlum vegna ferða á milli landa telst hins vegar ekki til skattskyldrar veltu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

#### 3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

#### 4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.

## 5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40 gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 493/1992, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

*Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Jón H. Steingrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1993 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

## 1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 1. flokk húsbréfa 1993. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 1. flokki 1993, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 1. flokki 1993 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

## 2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

## 3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefts. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefts til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

## 4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtinga-  
blaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala aprílmánaðar 1993.

## 5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. apríl 1993 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. apríl 1993.